

Kópavogi, 13. apríl 2018

Ágæti nemandi og foreldri/forráðamaður.

Í bréfi þessu koma fram upplýsingar um birtingu niðurstaðna samræmdra könnunarprófa í 9. bekk í mars 2018 og upplýsingar um endurfyrirlögn prófa í íslensku og ensku í vor og haust.

Birting einkunna úr prófunum í mars

Nú liggja fyrir einkunnir úr könnunarprófunum sem voru lögð fyrir í mars síðastliðnum. Hver skóli sér um að afhenda nemendum einkunnir sínar. Þeir nemendur sem náðu að ljúka a.m.k. 80% af prófinu í íslensku og ensku munu fá einkunnir samkvæmt matskvarða (a, b, c og d). Allir nemendur, hvort sem þeir náðu að ljúka prófunum eða ekki, munu sjá svör sín og niðurstöður í sýnisprófi sem aðgengilegt verður í skóla nemandans.

Allir sem þreyttu stærðfræðiprófið munu fá einkunnir samkvæmt matskvarða (a, b, c og d), raðeinkunnir og einkunnir úr einstökum námsþáttum. Nemendur geta einnig séð svör sín úr stærðfræðiprófinu í sýnisprófi sem aðgengilegt verður í skólanum.

Prófdagar og skráning vegna endurfyrirlagnar

Mennta- og menningarmálaráðherra ákvað að veita nemendum í 9. bekk tækifæri til að þreyta að nýju könnunarpróf í ensku og íslensku. Að höfðu samráði við hagsmunaaðila var ákveðið að hafa sveigjanleika í tímasetningum og að skólar hafi val um hvort þeir leggi prófin fyrir í vor eða haust. Fyrirlagnartímabil verða frá 30. apríl til 11. maí og frá 10. til 15. september. Skólastjóri viðkomandi skóla velur tvo prófdaga á öðru tímabilinu og annast upplýsingagjöf til nemenda og foreldra um hvenær prófin verða haldin.

Val um próftöku

Eins og fram hefur komið gefst nemendum kostur á að þreyta próf í íslensku og ensku þegar þau verða lögð fyrir að nýju. Þetta þýðir að skólinn og foreldrar/forráðamenn hafa val um það hvort nemandi þreyti bæði prófin, annað prófið eða hvorugt. Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn láti skóla vita hvort þeir vilja að nemandi þreyti próf en skólastjóri viðkomandi skóla sér um skráningu nemenda vegna próftökunnar.

Rétt er að taka fram að gert er ráð fyrir að þeir nemendur sem fengið hafa einkunnir úr prófunum sem lögð voru fyrir í mars hafi lokið próftöku og þurfi því ekki þreyta próf að nýju. Vilji nemandi sem fékk einkunn úr fyrra prófi engu að síður þreyta próf að nýju þarf að tilkynna það til skólastjóra samkvæmt nánari fyrirmælum hans. Ef nemandi, sem áður hefur fengið einkunn í íslensku og/eða ensku, ákveður að þreyta próf að nýju **mun nýja einkunnin gilda**.

Meira um prófin

Á heimasíðu Menntamálastofnunar má nálgast ýmsar upplýsingar um prófin. Til dæmis er hægt að sjá [kynningarpróf](#) sem nemendur geta notað til þess að kynna prófunum. Einnig má finna

Ítarlegar upplýsingar um prófin og framkvæmdina á heimasíðunni og á upplýsingasvæðinu [Spurt og svarað](#).

Beðist er velvirðingar á því álagi sem endurfyrirlögn prófanna kann að valda nemendum, fjölskyldum þeirra og skólum.

Með kveðju,
Sverrir Óskarsson,
sviðsstjóri matssviðs.